

Minnisblað

Gatnagerðargjald bæði atvinnu- og gripahúsa miðast við 15% af vísitöluhúsi Hagstofunnar sem er hámarks viðmið skv. 4. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006.

Í nágrannasveitarfélögum okkar eru viðmiðið þannig:

	Garðabær	Kópavogur	Reykjavík
Atvinnuhúsnæði	9,6%	8,5%	9,4%
Gripahús og annað	9,6%	8,5%	9,4%

Sem er í krónum/fermeter m.v. byggingarvísitölu janúar 2016, 128,2 og vísitöluhús 200.407

Hafnarfjörður	Garðabær	Kópavogur	Reykjavík
30.061	19.239	17.035	18.838

Á markaðinum í dag eru þó nokkrar atvinnuhúsalóðir sem eru í eigu fjármálafyrirtækja sem hafa leyst þær til sín, lóðum sem voru úthlutaðar á árunum 2004-2006/7 og eru á lægri gjaldskrá. Gjaldskrá sem var samþykkt af bæjarstjórn árið 2004 og er miðuð við 9% af vísitöluhúsinu.

Lagt er til að viðmiðun gatnagerðargjalda fari í 9,0% í atvinnuhúsnæði eða kr. 18.037/byggður fermeter og verða þá í samræmi við þær lóðir sem eru í eigu fjármálafyrirtækja og gripahúsnæði í 8,5% eða kr. 17.035/byggður fermeter.

Jafnframt þarf bæjarráð að taka ákvörðun um það hvort miða á verð á atvinnuhúsalóðum við 100% nýtingarhlutfall eða 75%.

Ef gatnagerðargjald fyrir ofangreindar tegundir húsnæðis breytist þá þarf að gera annað hvort nýja samþykkt um Samþykkt um gatnagerðargjöld í Hafnarfjarðarkaupstað eða sér samþykkt, sem þarf að auglýsa í B – deild Stjórnartíðinda, svo breytingin á gjaldskránni öðlist gildi.

Hafnarfirði, 19. janúar 2016

Lilja Ólafsdóttir

Sigurður Haraldsson

Helga Stefánsdóttir